

Íslands, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Ásgeirs M. Ásgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. október 1981.

Nr. 9/1980. **Borgarstjórnin í Reykjavík**

f. h. borgarsjóðs

(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

Reyni Þórðarsyni

(Tómas Gunnarsson hrl.).

Vextir. Fjárnámsgerð úr gildi felld. Séráttkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1980. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framkvæmd fjárnáms. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Ákvæði í dómi bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1979 um vexti af þeirri fjárhæð, sem stefnda var dæmd úr hendi áfrýjanda með þeim dómi, geta ekki eftir orðum sínum verið grundvöllur þess vaxtareiknings, sem stefndi styður fjárnámskröfu sína við.

Því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna fjárnáms.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda máls-

kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang hins umbeðna fjárnáms.

Stefndi, Reynir Þórðarson, greiði áfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, 5.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar
og Þórs Vilhjálmssonar.**

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1979 var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda í skaðabætur 3.500.000 gkr. með tilteknum „ársvöxtum“ frá 1. apríl 1975 til greiðsludags svo og málskostnað.

Orðið „ársvextir“ hefur að okkar áliti ekki svo afmarkaða merkingu, að hún skeri úr ágreiningi málsaðilja hér fyrir dómi, sem varðar aðferð við vaxtareikning.

Fyrir Hæstarétt hafa ekki verið lögð önnur gögn um venjur um reikningsaðferðir, er hér skipta máli, en hinn áfrýjaði úrskurður. Teljum við ekki unnt að byggja dóm í málinu á réttarvenju.

Seðlabanki Íslands hefur ekki með heimild í 5. gr. laga nr. 58/1960 og 13. gr. laga nr. 10/1961 sett reglur, sem úrlausn í ágreiningsmáli þessu verður byggð á.

Ekki verður séð, að eðlisrök styðji þá skoðun áfrýjanda, að eigendur krafna samkvæmt dómi skulu fá vexti reiknaða þannig, að þeir verði verr settir en þeir hafðu verið, ef höfuðstóll kröfu þeirra hefði verið lagður á innlánsreikning í banka eða sparisjóði.

Með hliðsjón af almennum reglum um vaxtareikning í innlánsstofnunum, tengslum vaxta af dómskuldum við spari-

sjóðsvexti og af eðli máls teljum við að þessu athuguðu, að rétt sé að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fjárnámssgerð fógetaréttar Reykjavíkur 15. desember 1979.

Gerðarbeiðandi, Reynir Þórðarson, Safamýri 83, Reykjavík, hefur krafist þess, að gert verði fjárnám í eignum gerðarþola, borgarsjóðs Reykjavíkur c/o borgarskrifstofur við Austurstræti, Reykjavík, til tryggingar kr. 472.900 ásamt 14% ársvöxtum af kr. 472.900 frá 26. maí 1979 til greiðsludags, öllum kostnaði við hina ráðgerðu fjárnámssgerð, þar með töldum málskostnaði gerðarbeiðanda vegna sérstaks máls fyrir fógetaréttinum um það, hvort gerðin skuli fara fram eða ekki, og kostnaði við eftirfarandi uppboð, ef til þessara réttargerða kemur.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að synjað verði um hina umbeðnu fjárnámssgerð og sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór 26. nóvember sl.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1333/1976, er féll hinn 9. mars 1979, var gerðarþoli dæmdur til að greiða gerðarbeiðanda kr. 3.500.000 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1975 til 21. nóvember 1977, en með 14% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 650.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Hinn 25. maí sl. greiddi gerðarþoli kr. 6.133.399 til gerðarbeiðanda og taldi sig með því gera upp skuldina. Greiðsla þessi sundurliðast eftirfarandi:

| | |
|---|-----------|
| Höfuðstóll skv. dómsorði | 3.500.000 |
| 13% ársvextir frá 1. maí 1975 — 21. nóvember 1977 .. | 1.200.694 |
| 14% ársvextir frá 22. nóvember 1977 — 25. maí 1979 .. | 741.805 |
| Málskostnaður | 650.000 |
| Endurritskostnaður | 39.000 |
| Birting | 1.900 |

6.133.399

Þessu vill gerðarbeiðandi ekki una, þar sem hann telur kr. 472.900 ógreiddar. Sú fjárhæð er vaxtavextir, sem fást með því að leggja árlega vexti við höfuðstól dómskuldar og reikna síðan

ársvexti af þeirri heildarupphæð. Hann sundurliðar kröfur sínar eftirfarandi:

| | |
|---|-----------|
| Höfuðstóll samkvæmt dómsorði | 3.500.000 |
| Vextir og vaxtavextir miðað við 13% ársvexti af kr. 3.500.000 frá 1. apríl 1975 til 21. nóvember 1977 | 1.341.952 |
| Vextir og vaxtavextir miðað við 14% ársvexti af kr. 4.841.952 frá 21. nóvember 1977 til 23. mars 1979 | 1.068.531 |
| Málkostnaður samkvæmt dómsorði | 650.000 |
| Kostnaður við endurrit | 39.000 |
| Birting 20. apríl 1979 | 1.900 |

6.601.984

Gerðarbeiðandi kveður kröfu sína um vaxtavexti í fyrsta lagi byggða á orðalagi dómsorðs á rskj. 3, sem sé að verulegu leyti byggt á kröfugerð stefnanda í málinu, a. m. k. að því er varðar orðið ársvextir. Hann telur dómsorð réttarskjals nr. 3 einnig byggt á reglum Seðlabanka Íslands, sbr. réttarskjal nr. 12 og 13. Þá segir hann kröfugerðina einnig byggða á þeim ákvæðum 1. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti og fl., en í nefndri grein er heimilað og jafnframt tekið fram, að vextir skuli vera jafnháir vöxtum af almennum sparifjárreikningum hjá bönkum og sparisjóðum.

Af hálfu gerðarbeiðanda er talið óumdeilt, að vextir af almennum sparifjárreikningum hjá bönkum og sparisjóðum séu reiknaðir einu sinni á ári. Er það jafnan gert um áramót, þótt ákvæði laga kveði ekki á um, að það skuli gert um áramót. Í vaxta- og vaxtavaxtaútreikningi gerðarbeiðanda eru reiknaðir ársvextir, eins og kveðið er á um í dómsorði réttarskjals nr. 3, en þar er miðað við upphafstíma vaxtaútreiknings og þau tímamörk, þegar dómur kveður á um, að vaxtahlutfalli skuli breytt. Heildarvaxtafjárhæð þannig reiknuð er talin af gerðarbeiðanda heldur lægri en ef vextir væru ætíð reiknaðir út miðað við áramót, en það hefði í för með sér vegna upphafstíma á öðrum tíma en áramótum og vegna vaxtabreytingatíma fleiri vaxtatímabil, sem aftur hefði í för með sér hærri vaxtafjárhæð.

Auk þess sem krafa gerðarbeiðanda í málinu um fjárnám vegna vaxtavaxta er byggð, að því er meginstefnu varðar, á vaxtaútreikningi, eins og hann er framkvæmdur í bankakerfinu, felst í orðinu ársvextir samkvæmt almennri málvenju, sem miðað er við sem grundvallarhugtak bæði í 1. gr. laga nr. 58/1960 og dómsorði réttarskjals nr. 3, að vextir skuli reiknaðir einu

sinni á ári, og bætast þeir við höfuðstól. Gerðarbeiðandi telur, að ef fylgt væri sjónarmiðum gerðarþola í málinu, þ. e. að ekki skuli reikna vaxtavexti af dómskuldinni, þá felist í því miðað við fjögurra ára lánstíma og 13% ársvexti, að vextir af fyrsta tímabili væru 13.000%, vextir af öðru tímabili væru 11.503%, vextir af þriðja tímabili væru 10.180% og af fjórða tímabili 9.009%. Gerðarbeiðandi segir það gefa auga leið, að mismunun, sem felst í því að reikna ekki vaxtavexti, feli í raun í sér, þegar um langan lánstíma er að ræða, verulega vaxtalækkun. Eru að mati gerðarbeiðanda engin efnisrök fyrir því að lækka í reynd vexti, þegar lánstími er langur, eins og gert er, ef fylgt væri sjónarmiðum gerðarþola í málinu, miðað við vaxtakjör t. d. í eitt ár.

Gerðarþoli kveður engin lagaákvæði mæla fyrir um greiðslu vaxtavaxta af dómskuldum. Seðlabanki Íslands hafi engar reglur sett um dómvexti, og ályktun um vaxtavexti af dómskuldum verði með engu móti dregin af almennum vaxtareglum bankans. Starfsreglur lánastofnana um vaxtaútreikninga telur gerðarþoli ekki bindandi fyrir aðra. Hann segir vera fyrir hendi ríka og gamla hefð um uppgjör vaxta af dómskuldum og hafi aldrei tíðkast að reikna vaxtavexti af þeim skuldum. Til þess að hnekkja þessari föstu venju þyrfti skýrar reglur og fyrirmæli, sem ekki eru fyrir hendi.

Gerðarþoli segir dómsorðið, sem gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á, í engu frábrugðið hefðbundinni niðurstöðu dóma um vaxtagreiðslur og séu engin efni til að leggja í það annan skilning en tíðkast hefur. Ef gerðarbeiðandi vildi fara inn á nýjar brautir með vaxtakröfur og útreikning þeirra, hefði hann átt að gera grein fyrir því við flutning þess máls, sem krafa hans hér í réttinum er sprottin af, en í þeim málflutningi var engu slíku sjónarmiði hreyft.

Gerðarþoli telur kröfugerð gerðarbeiðanda óljósa að því leyti, að ekki kemur fram, að hve miklu leyti krafa hans stafar af því, að vaxtavextir hafa ekki verið greiddir, og að hve miklu leyti af öðrum ástæðum. Segir aðeins um þetta í greinargerð gerðarbeiðanda, að „meginhluti“ kröfunnar stafi af ágreiningi um vaxtavexti. Gerðarþoli kveðst gagngert um það hafa spurst, hvort gerðarbeiðandi hafi aðrar athugasemdir fram að færa við uppgjör á dómskuld hans en þær, er varða vaxtavexti, en við því hafi ekkert svar borist. Sú fyrirspurn hafi verið fram borin í því skyni, að leiðrétta mætti reikningssskekkju eða aðrar villur

í uppgjörinu, ef gerðarbeiðandi teldi sig finna þær, og þarf ekki að orðlengja, að til slíkra leiðréttinga þarf ekki atbeina fógeta.

Gerðarþoli nefndi hugsanlega frávísunarástæðu, að hér væri hliðsettur dómstóll að fjalla um mál annars, en gerði ekki um það sérstaka kröfu.

Það, sem aðiljum máls þessa ber á milli, er, hvort heimilt sé að reikna vexti af vöxtum, en fjárnámskrafan er þannig til komin, að vöxtum er bætt við höfuðstól árlega og vextir reiknaðir af þeirri heildarupphæð. Virðist sem þessi háttur á útreikningi vaxta á dómkröfum sé nokkuð algengur og raunar í samræmi við það, sem tíðkast við vaxtaútreikning innlána í lánastofnunum.

Ekki verður séð, að þessi vaxtavaxtataka brjóti í bága við ákvæði laga nr. 58/1960, sem fjalla um bann við okri, dráttarvexti o. fl., né heldur að um þetta verði að gilda sérstakar reglur. Er því talið rétt að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda og leyfa framgang hins umbeðna fjárnáms.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000 til gerðarbeiðanda.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðið fjárnám skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Gerðarþoli greiði kr. 100.000 í málskostnað til gerðarbeiðanda innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.